**From:** Bjarmi Guðlaugsson
**Sent:** miðvikudagur, 3. apríl 2024 10:06
**To:** Umsagnir <nefndasvid@althingi.is>
**Subject:** Mál 771 um dánaraðstoð

Góðan dag,
Ég fæ ekki séð að opið sé fyrir umsagnir um mál 771 um Dánaraðsoð. Ég óska því eftir að neðangreind umsögn mín um málið verði færð undir umsagnir um málið:

*Ég þekki af eigin reynslu þá átakanlegu sorg að eiga aðstandendur sem orðið hafa svo veikir að þeir hafa óskað þess að kveðja þennan heim með reisn í stað þess að líða óbærilegar líkamlegar og andlegar kvalir á sínu ævikvöldi. Mér finnast það sjálfsögð mannréttindi að einstaklingur fái að velja sinn eigin dauðdaga, sannarlega undir sérstökum kringumstæðum, í sátt og samlyndi við sína nánustu og fagfólk, sbr. lög sem t.d. þekkjast í Hollandi.*
*Við Íslendingar státum okkur gjarnan að því að vera brautryðjendur þegar kemur að mannréttindamálum og því hvet ég alla þingmenn til að veita frumvarpi um dánaraðstoð brautargengi.*

Kveðja,
Bjarmi Guðlaugsson